

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/627**  
**komudagur 11.12.2002**

**Fjármálaráðuneytið**  
tekju- og lagaskrifstofa.

5. desember 2002.

**Lög nr./1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 372. mál.**

Gjalddagi greiðslu er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi skv. 28. gr.

Álag 1. reiknast 1% fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10%

Álag 2 reiknast fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður.

Dæmi skv. gildandi lögum. Ekki greitt fyrir en 1. mánuði eftir gjalddaga. Þá reiknast 10% álag frá 15.-25. og dráttarvextir fyrir allan mánuðinn efir eindaga.

**Frumvarp.**

Álag 1 óbreytt.

Álag 2. Hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Dæmi skv. frumvarpi: Ekki er greitt fyrir en 1. mánuði eftir gjalddaga. Þá reiknast 10% álag frá 15.-25. Þann 1. næsta mánaðar reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

**Lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum.**

Gjalddagi er einu sinni á ári 15. janúar og eindagi 15 dögum síðar.

Álag 1 reiknast fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10%

Álag 2 til viðbótar fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álagið er hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður.

Dæmi skv. gildandi lögum. Hafi ekki verið greitt þann 10. febrúar Reiknast 10% álag. Til viðbótar leggjast á dráttarvextir frá 1. febrúar. (Álag 1 og 2. reiknað samtímis).

**Frumvarp.**

Álag 1 er óbreytt.

Álag 2. Hafi ekki verið greitt á eindaga 30. janúar reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Dæmi skv. frumvarpi. Álag 1 reiknast fyrstu 10 daga eftir eindaga. Hafi ekki verið greitt á eindaga reiknast jafnframt dráttarvextir frá gjalddaga.